

Alþingi  
Erindi nr. D 138/122  
komudagur 11. 11. 2009



**BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA**  
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

**Á stjórnarfundum Bandalags íslenskra listamanna, sem haldinn var þann 23. október 2009, var samþykkt svohljóðandi ályktun:**

Bandalag íslenskra listamanna skilur nauðsyn þess að draga þurfi úr ríkisútgjöldum á erfiðum tímum, en í þeim niðurskurðaráformum, sem nú liggja fyrir í lista- og menningarmálum, er illskiljanlegt misræmi. Það sem stjórn BÍL óskar sérstaklega eftir að fjárlaganefnd Alþingis taki til endurskoðunar við fjárlagavinnuna er þetta:

- Kvikmyndasjóður er skorinn niður um 200 milljónir eða 34%
- Starfsemi atvinnuleikhópa er skorin niður um 10,7 milljónir eða 15%
- Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar er skorin niður um 3,6 milljónir eða 20%
- Safnliður 02-982-1.90, sem hefur að stórum hluta verið varið til fjölbreyttra lista- og menningarhátíða um land allt, er skorinn niður um 47.2 milljónir eða um 90%

Þá vill stjórn BÍL áréttta nauðsyn þess að horfið verði frá tilviljanakenndri úthlutun fjármuna af safnliðum fjárlaga til lista- og menningarstarfsemi og leggur til að efldir verði sjóðir á borð við Safnasjóð, Húsafriðunarsjóð, Tónlistarsjóð, Bókmenntasjóð, Barnamenningarsjóð, Fornleifasjóð, Starfsemi atvinnuleikhópa og Kvikmyndasjóð.

Í sama tilgangi er mikilvægt að standa vörð um menningarsamninga við sveitarfélög á landsbyggðinni.

Loks hvetur stjórn BÍL fjárlaganefnd til að tryggja að fjöldi mánaðarlauna, sem lofað var í nýjum lögum um starfslaun listamanna, haldi sér í lokagerð fjárlaga 2010.

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Ágúst Guðmundsson



## Fjárlagafrumvarp 2010:

Skynsamlegt væri að leggja til endurskoðun á fyrirkomulagi við úthlutun fjármuna af safnliðum sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Fjármunum á safnliðum 02-919-1.90, 02-919-1.98, 02-919-6.90, 02-919-6.45, 02.982-1.90, 02.983-1.11 og 02.999-1.90 verði skipt upp og þeir færðir eftir atvikum á fjárlagaliði sjóða sem hafa það hlutverk skv. lögum að styrkja tiltekna lista- og menningarstarfsemi. Úthlutun úr sjóðum þessum er í höndum sjóðstjórna sem meta umsóknir á faglegum forsendum og meta allar umsóknir á sama kvarða

Eftir nákvæma skoðun á þeim safnliðum sem hér um ræðir telur væri unnt að flytja 265 milljónir króna á fjárlagaliði sjóða á boð við **Safnasjóð, Húsafriðunarsjóð, Tónlistarsjóð, Bókmenntasjóð, Barnamenningarsjóð, Fornleifasjóð, Starfsemi atvinnuleikhópa og Kvikmyndasjóð**. Einnig kæmi til greina að hækka fjárlagaliði sem ætlaðir eru menningarsamningum við sveitarfélög á landsbyggðinni.

Við þessar breytingar verði gert ráð fyrir sérgreindri fjárveitingu á nokkur „viðföng“ sem heyra undir menntamálaráðuneytið og er að finna undir ýmsum safnliðum í frumvarpinu; **Samband íslenskra myndlistarmanna, Leikminjasafn, Leikfélag Reykjavíkur, Þórbergssetur, Handverk og hönnun, Lækningaminjasafn Íslands, Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO, Kvennasögusafn Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennasióðir, Norrænu upplýsingaskrifstofuna og Rekstrarfélag Sarps.**

### Skoða nánar:

Verkefni til að styrkja atvinnulíf í ýmsum landshlutum: 50 milljónir

Hvers vegna Vesturfararsetrið var ekki flutt frá forsætisráðuneyti til menntamálaráðuneytis

Og 02-919-1.98 – 13 Strykir á grundv.ums. til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs 12,3 m

Og 02-999-1.98 – 16 Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna 14,4 m

